


Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn




UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 1. desember 2009
Tilvísun: UST20091100133/ksj

Sveitarfélagið Ölfus. Deiliskipulagsbreyting vegna könnunarholu við Litla-Reykjafell

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 11. nóvember 2009 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi á svæði við Hellisheiðarvirkjun. Um er að ræða svæði sem skilgreint er sem geymslusvæði í samþykktu deiliskipulagi Hellisheiðarvirkjunar og er staðsett suðvestur af stöðvarhúsi virkjunarinnar og norðan Litla Reykjafells. Í breytingunni felst að geymslusvæðið verður skilgreint sem borteigur því ætlunin er að bora þar könnunarholu. Borun könnunarholunnar tengist rannsóknum á niðurrenslissvæðum fyrir affallsvatn frá virkjuninni. Með borun holunnar er ætlunin að kanna nánar jarðlög, misgegni og lekt sunnan við Kolviðarhól.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt úrskurði Skipulagsstofnunar í febrúar 2004 þurfti Orkuveita Reykjavíkur að tryggja að affallsvatn færi í jarðhitageyminn. Úrskurður Skipulagsstofnunar um stækkun Hellisheiðar í mars 2006 var á sömu leið. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að hafist verði handa við niðurdælingu affallsvatns eins fljótt og auðið er og telur því framangreinda könnunarborun vera jákvætt skref í þá átt og í samræmi við fyrrgreinda úrskurði Skipulagsstofnunar. Ofangreint borsvæði er í nálægð við Hellisheiðarvirkjun og er á svæði sem nýtt hefur verið sem geymslusvæði. Er þar nú stórt malarplan. Að mati Umhverfisstofnunar mun ofangreind tillaga að breyttu deiliskipulagi hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér umfram það sem þegar hefur verið framkvæmt á svæðinu.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun